

## 9. gr.

172

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum. 8. des.

## 10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

## 11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 8. desember 1948.*

F. h. r.

**Gústav A. Jónasson.**

*Ragnar Bjarkan.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948.** 173 9. des.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigríðar Þorvaldsdóttur.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með fé, sem gefið var til minningar um hina látnu, við andlát hennar 5. nóvember 1947 og jarðarför. Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð af kvenfélaginu Ársól á Suðureyri. Skal stjórnin úrskurða öll þau málefni, er sjóðinn varða, þar á meðal, hverjum veitt skuli verðlaun úr honum, með eða án umsókna, og ákveða verðlaun hverju sinni.

## 4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum, sem og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

## 5. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins skal vera að veita verðlaun fyrir vandaða handavinnu, einkum tóvinnu og aðallega á vegum kvenfélagsins, á sýningum eða við önnur tækifæri.

173

9. des.

Sjóðurinn tekur til starfa, þegar næst verður haldin handavinnusýning á vegum kvenfélagsins. Jafnan skal haga verðlaunaveitingum þannig, að höfuðstóll sjóðsins skerðist ekki, heldur vaxi nokkuð. Af fé sjóðsins má kosta bækur og ritföng og greiða þóknun fyrir reikningshald og starf gjaldkera.

6. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, bóka umsóknir um styrki, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Henni ber og að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki á tryggunum stað.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ber gjaldkera að semja reikning yfir tekjur hans og gjöld fyrir janúarlok árlega. Reikninginn skal endurskoða með reikningum kvenfélagsins.

9. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga, í verðbréfum eða á annan tryggan hátt.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, þegar hún hefur fengið staðfestingu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar lýðveldisforseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Súgandafirði, 30. október 1948.

Valdimar Þorvaldsson. Guðm. Þorvaldsson. Kr. G. Þorvaldsson.

174

9. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur, frá Grund í Svarfaðardal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. desember 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigfúsar Jónssonar og Önnu S. Björnsdóttur  
frá Grund í Svarfaðardal.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1948 af Snorra Sigfússyni, skólastjóra, Akureyri, og Halldóri Sigfússyni, Dalvík, með 2000 — tvö þúsund — krónum.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að prýða Tjarnarkirkjugarð með blóma- og trjágróðri. Þó má nota féð við og við á annan hátt, ef forráðamönnum sýnist svo, þó því aðeins, að slíkt stuðli að fegrun garðsins.